

Nd.

567. Nefndarálit

[303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru ofan við meðallag OECD-ríkjanna. Íslendingar eru meðal 10–15 ríkustu þjóða heims. Dagvinnulaun eru hins vegar hvergi jafnlág í álíka ríkum þjóðfélögum.

Á Íslandi ríkir láglaunastefna sem á sér engan líka á Vesturlöndum. Afleiðingar hennar eru m.a. vinnuþrældómur, átök á vinnumarkaði og vinnutap, svart hagkerfi, lítil afköst vegna langs vinnutíma, lítil framleiðni fyrirtækja og upplausn fjölskyldunnar. Þetta kemur fram í grein eftir Stefán Ólafsson lektor í Mbl. í dag, 28. febrúar 1986. Þennan sama dag hefur frumvarp til laga um að viðhalda þessari láglaunastefnu sameinað gömlu flokkana á Alþingi í lofsöng um *þjóðarsátt um lífskjarasáttmála*.

Þau lífskjör, sem flokkarnir fylkja sér um, eru þau sömu og stjórnarflokkarnir komu á við valdatöku sína. Þessi lífskjör valda því að hluti þjóðarinnar hefur ekki efni á því að taka þátt í samfélaginu. Hin pólitísku og lagalegu réttindi þess fólks verða merkingarlaus. Þannig er láglaunastefna í raun mannréttindabrot.

Helgustu mannréttindin eru þau að fá að halda *sjálfsvirðingu* sinni. Það varðar sjálfsvirðingu manns að geta séð fjölskyldu sinni farborða. Láglaunastefnan brýtur því gegn sjálfsvirðingu fólks.

Stjórnvöld hafa ekki kjark til að hefja þær aðgerðir einar sem geta til lengdar bætt lífskjör í landinu. Þar má telja breytt skattalög til að stuðla að nýtingu fjármagns, breytt samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga til að auka sjálfsstjórn og minnka sóun, vinnustaða-samninga, frjálst fiskverð og gjaldeyrismarkað. Einnig er óumflýjanlegt að hætta að dekra við illa rekin fyrirtæki með ívilnunum af ýmsu tagi.

Láglaunastefna er þaður við atvinnurekendur sem ekki hafa vilja, getu og siðferði til að greiða mannsæmandi laun. Samningakerfið er úrelt. Þar notast menn við meðaltalsreikninga sem eiga ekkert skylt við raunverulega afkomu fólksins í landinu. Þessi aðferð hefur aldrei skilað og mun aldrei skila þeim lífskjörum sem eru sambærileg við það sem gerist með öðrum vestrænum þjóðum.

Þingið er nú beitt þvingunum. Á rúmum 24 klukkustundum er því ætlað að afgreiða þetta frumvarp. Með framkvæmdarvaldið fara nú menn sem þjóðin hefur ekki kosið til þeirra starfa.

BJ hefur haldið því fram að stjórnkerfið sé ónýtt. Núverandi ástand er óræk sönnun þess. Þessi samningur samrýmist ekki sjónarmiðum jafnaðarmanna. Til hans er stofnað á ólýðræðislegan hátt og hann innsiglar áframhaldandi kúgun þeirra sem búa við lágu launin. BJ getur því ekki stutt hann. BJ getur ekki tekið undir lofsöng gömlu flokkanna um þjóðarsátt um fátækt hluta þjóðarinnar. Svo miklir ójafnaðarmenn viljum við ekki vera.

Undirritaður tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu um frv.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.